

Fundur haldinn í framkvæmdaráði um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu ásamt fulltrúum frá Ráðrík ehf. föstudaginn 26. janúar 2018.

Fundurinn haldinn í fundarsal Blönduósbæjar kl. 12:00.

Mætt: Guðný Sverrisdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Adolf Berndsen, Vignir Sveinsson, Valgarður Hilmarsson og Þorleifur Ingvarsson.

Fundargerð ritaði Þorleifur Ingvarsson

Þorleifur setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi fært til bókar.

Samningur milli Ráðrík ehf. og sameiningarnefndar Austur Húnavatnssýslu undirritaður af Svanfríði Jónasdóttur fyrir hönd Ráðrík ehf. og Þorleifi Ingvarssyni fyrir hönd sameiningarnefndar Austur Húnavatnssýslu.

Fram kom að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur samþykkt kostnaðaráætlun vegna verkefnisins og mun styrkja það samkvæmt framlögðum reikningum.

Rætt var um heimasíðu vegna verkefnisins og ákveðið að leita til Húnahornsins um að birta og safna á sérstökum link upplýsingum og skoðanaskiptum vegna verkefnisins.

Farið var yfir starfið framundan og hverning best væri að ná til íbúa svæðisins og fá fram sjónarmið og framtíðarsýn þeirra.

Rætt var atvinnumál í héraðinu og sóknarfæri í tengslum við sameiningu sveitarfélaganna.

Umræða var um upplýsingasöfnun hjá núverandi sveitarfélögum vegna þjónustu, verkefna og eigna sveitarfélaganna. Ráðgjafar Ráðrík munu kalla eftir þeim upplýsingum hjá skrifstofum sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið klukkan 13.30.